

Stjórnarfundur hjá Félagi hrossabænda

haldinn í Bændahöllinni 17. desember 2008

Mætt voru: Kristinn Guðnason, Ólafur Einarsson, Eyþór Einarsson, Sigbjörn Björnsson og Hulda G. Geirsdóttir sem ritar fundargerð. Helga Thoroddsen boðaði forföll.

Kristinn setti fund og gengið var til dagskrár. Fundargerð síðasta fundar hafði verið samþykkt í gegnum tölvupóst.

Samningur um WorldFeng. Kristinn hóf fundinn á því að segja frá fundi í landbúnaðarráðuneytinu þar sem saman komu fulltrúar FHB og LH, auk Guðlaugs Antonssonar frá BÍ og Jóns Baldurs Lorange frá WorldFeng. Umræðuefnið voru samningar FEIF við WorldFeng um aðgang allra félaga innan FEIF. Kristinn rakti málið og var stjórn falið að vinna úr því í samvinnu við Jón Baldur.

Evrópumálin rædd. Stjórnarmenn hafa unnið að því að kynna sér áhrif aðildar að ESB á búgreinina og er afstaða stjórnar sú að standa með Bændasamtökunum gegn aðild.

Afurðamál. Staðan í þeim er góð nema á Suðurlandi þar sem töluvert er um biðlista og verðið er lægra. Sláturhúsið á Hvammstanga vill fá hross til sín og munu einhverjir bændur á Suðurlandi ætla að senda hross þangað því það gefur aðeins meira af sér þrátt fyrir að borga þurfi flutninginn.

Hulda las skýrslu frá SS varðandi markaðsátak þeirra sem FHB styrkti. Fram kom að árangur af átakinu var mjög góður og sala á folaldakjöti t.d. jókst stórlega.

Rætt um **sameiginleg verkefni með FT**, t.d. “menntadag.” Slík verkefni eru að mati stjórnar háð fjárveitingum en stjórnarmenn tóku vel í hugmyndirnar fengjust styrkir til verksins. Sigbjörn og Eyþór settir sem tengiliðir í þetta mál.

Fagráð. Kristinn greindi frá úthlutunum úr stofnverndarsjóði íslenska hestsins en að þessu sinni voru styrkt rannsóknarverkefni fyrir 7 milljónir. Mest áhersla var lögð á að klára þau verkefni sem þegar eru í gangi. Fram kom einnig að fyrir ráðuneytinu liggur tillaga um að gjald af útfluttum hrossum sem rennur í stofnverndarsjóð verði hækkað úr kr. 500 í kr. 1.500.

Hulda sagði frá störfum sínum í ráðgjafanefnd um lög um útflutning hrossa en unnið er að endurgerð á lögnum þar sem ofangreind tillaga kemur m.a. til umfjöllunar.

Kristinn sagði samstöðu um það í fagráði að breyta vægisstuðlum í kynbótadómi og endurskoða sýningarfyrríkomulagið. Nýtt fyrríkomulag yrði prófað á samræmingarnámskeiðum dómara í vor.

Önnur mál:

Eyþór kynnti meistaraverkefni við LbhÍ sem fjallar um kostnaðargreiningu á hrossaræktarbúum. Sigríður Ólafsdóttir vinnur verkefnið. Hulda mun verða henni innan handar við upplýsingaöflun og annað það sem FHB getur lagt til.

Sigbjörn sagði frá fundi sem hann sótti vegna verkefnisins “Hross í hollri vist.”

Fleira ekki gert og fundi slitið.

HGG/hgg